

FUNDARGERÐ - 12. STJÓRNARFUNDUR FÍN 2022-2023

20. FEBRÚAR 2023, KL. 11:15 – 12:45 STAÐFUNDUR OG FJARFUNDUR

MÆTT VORU:

Benóný Jónsson, Björg Helgadóttir, Bragi Bergsson, Guðrún Nína Petersen, Jón Már Halldórsson, Kristín Hermannsdóttir, Margrét Geirsdóttir, Marianna H. Helgadóttir, Sigvaldi Thordarson, Stefán Már Stefánsson, Stella Hrönn Jóhannsdóttir, Svava S. Steinarsdóttir, Torfi Geir Hilmarsson, Una Bjarnadóttir og Þorkell Heiðarsson.

Gestur: Runólfur Vigfússon, lögfræðingur FÍN

Fundarritari: Stella Hrönn Jóhannsdóttir

FUNDARGERÐ:

Formaður setti fund kl. 11:20.

Dagskrá

1. Fundargerð síðasta fundar frá 16. janúar 2023

Afgreiðsla: Samþykkt.

2. Nýir félagsmenn

Alls sóttu 19 einstaklingar sótt um fulla aðild að félaginu.

Afgreiðsla: Allar umsóknir eru samþykktar.

3. Beiðnir um greiðslu lögfræðikostnaðar

RV kom inn á fundinn.

Um er að ræða mál tveggja félaga er snúast um stöðu tímabanka og uppgjörs við starfslok.

Afgreiðsla: Frestað

a) Um er að ræða mál sem var upphaflega tekið fyrir á stjórnarfundum 3. október 2022 er varðar mat á menntun starfsmanns hjá ríkisstofnun.

Afgreiðsla: Erindi hafnað.

b) Um er að ræða eineltismál þar sem óskað er eftir skaðabótum vegna staðfests skaða sem félagsmaður hefur orðið fyrir vegna eineltis á vinnustað, en félagsmaðurinn er metinn með læknisfræðilega örorku.

Afgreiðsla: Frestað

4. Undirbúningur aðalfundar FÍN

a) Tímasetning og staðsetning aðalfundar

Formaður FÍN leggur til að aðalfundur félagsins verði haldinn fimmtudaginn 30. mars 2023 kl. 17:00 að Borgartúni 6 í fundarsal á fjórðu hæð.

Afgreiðsla: Samþykkt

b) Ákvörðun um félagsgjöld.

Lagt er til að ákvörðun um félagsgjöld verði tekin eftir að niðurstaða ársreiknings liggur fyrir.

Afgreiðsla: Samþykkt

c) Lagabreytingatillögur

Engar lagabreytingatillögur bárust innan gefins frests.

d) Framboð í stjórn og nefndir

Einn bauð sig fram í stjórn FÍN. Aðrir stjórnarmenn bjóða sig fram til áframhaldandi stjórnarsetu. Tveir buðu sig fram í síðanefnd. Sjálfkjörið er í allar lausar stöður í nefndum og stjórnnum FÍN.

5. Rekstraráætlun FÍN 2023

Lögð var fram drög að rekstraráætlun 2023. Gert er ráð fyrir tæplega 9,7 milljón kr. halla. Formaður óskar eftir heimild stjórnar til að vinna eftir fyrirbyggjandi drögum að rekstraráætlun þar til endanlegar niðurstöður síðasta árs liggur fyrir á næsta stjórnarfundum.

Afgreiðsla: Samþykkt.

6. Greiddar þóknunareiningar 2022

Stjórnarmenn sem telja sig ekki hafa fengið rétt greiddar þóknunareiningar að senda sér tölvupóst á formann svo hægt sé að bregðast við.

7. Önnur mál

a) Sameining ríkisstofnanna.

Fyrir liggur að leggja eigi niður 10 ríkisstofnanir og sameina verkefni þeirra í þremur nýjum stofnunum. Starfsmönnum er sagt að þeir njóti forgangs í ný störf, en ekki er ljóst hvernig

slíkur forgangur verður tryggður. FÍN hefur fundað með ráðuneytinu vegna fyrirhugaðra sameininga og að frekari fundir eru áformaðir. Þá verður trúnaðarmönnum stofnananna tryggður aðgangur að gögnum og fundargerðum. Brýnt er að FÍN sé vakandi fyrir því að ekki verði gengið á rétt félagsmanna í þessu ferli.

b) Næsti fundur verður 6. mars 2023, en aukafundur boðaður verði ástæða til þess.

Ekki var fleira gert og fundi slitið kl. 13:04